

Skýrsla um verkefnið áskorun og ævintýri í Tjarnarseli

Sótt er um Grænfánann í fjórða sinn

Leikskólinn Tjarnarsel, í Reykjanesbæ, hefur þróað náttúrulegt útileiksvæði með hliðsjón af nýrri Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytisins og innleitt starfsaðferðir sem byggja á lýðræði, jafnrétti, sköpun og sjálfbærni. Verkefnið var unnið í samstarfi við fræðslu- og umhverfissviði Reykjanesbæjar og SAGE garden sf., starfsfólki, foreldraráði og stjórn leikskólans.

Verkefnið var vel kynnt fyrir fyrrnefndum aðilum og jafnræði gætt í þróunarferlinu og fengu allir þátttakendur verkefnisins tækifæri til að koma á framfæri, sjónarmiðum og hugmyndum sínum varðandi útileiksvæði leikskólans. Lögð var áhersla að virkja börnin til að hafa áhrif á náms- og starfsumhverfi sitt. Þau voru hvött til að setja fram óskir sínar, hvernig „drauma útileiksvæði“ eigi að líta út s.s. með teikningum og módelum. Sömuleiðis voru foreldrar og starfsfólk leikskólans hvattir til að koma fram með væntingar og hugmyndir sínar. Síðan var sameiginleg ákvörðun tekin um framkvæmdina.

Vinnu- og hugmyndasmiðja foreldra og börn í Tjarnarseli

Verkefnið hófst formlega 16. Apríl (2013) með vinnu- og hugmyndasmiðju,



sem var staðsett í fjölnotasal leikskólans.

Foreldrar ásamt börnum sínum hönnuðu draumaútileiksvæði úr fjölbreyttum efniviði, eins og sandi, grjóti, hríslum, garni, lími, efnisbútum, könglum o.s.frv. Ljósmyndir voru teknar af hverri hugmynd og foreldrar skráðu í stórum dráttum hugsunina að bak við hana.

Framkvæmdirnar: Margar hendur vinna létt verk

Með virkri þátttöku barna, foreldra og kennara var útileiksvæði leikskólans breytt í náttúrulegt umhverfi svo börn geti ræktað og þroskað hæfileika og áhugsvið sín. Þátttakan við verkefnið *Áskorun og ævintýri* fór fram úr



okkar björtustu vonum og sýnir að ævintýrin gerast þegar fólkið í samfélaginu, tekur höndum saman. Milli 140-150 manns, foreldrar, börn og kennarar, mættu laugardagana 25. maí og 8. júní, til að láta verkin tala. George Hollanders og Sarka Mrnakova frá SAGE gardens sf. (www.thsagegarden.com) stýrðu framkvæmdunum.

Útileiksvæðið tók verulegum stakkaskiptum eftir seinni vinnudaginn. Börnin eru hæst ánægð með útisvæðið og vel hægt að merkja breytingu á leik barnanna og uppgötvunum tengdu því, steinar til að klifra á, stærri hól til að hlaupa niður af og skýli til að leita skjóls fyrir vatni og vindum. Síðast en ekki síst er búið gróðursett í vermireiti, sem voru útbúnir víðs vegar um útileiksvæðið, eins og rabbabara, kryddjurtir og grænmeti sem börnin voru búin að forrækta í leikskólanum.

Lokaorð

Undirrituð hefur aldrei upplifað eins sterk viðbrögð og þetta verkefni hefur vakið hjá fólki og afar stolt að vera hluti af skólasamfélagi Tjarnarsels. Þátttakan fór fram úr mínum björtustu vonum og sýnir að ævintýrin gerast þegar fólk tekur höndum saman og lætur verkin tala.

Virðingarfyllst,

Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri Tjarnarsels